

Breyting á deiliskipulagi öryggissvæðisins á Keflavíkurflugvelli Skipulagsuppdráttur 2 Nýtt aðkomuhlið - Demantshlið

Greinargerð

Forsendur
Gerð er breyting á deiliskipulagi Öryggissvæðisins á Keflavíkurflugvelli, sem samþykkt var 04.11.2019 ásamt síðari breytingum, í samræmi við 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Öryggissvæðið, svæði B, sem afmarkað er á skipulagssvæði Keflavíkurflugvallar, fellur undir landnotkun sem skilgreind er sem varnar- og öryggissvæði í skipulagsreglugerð. Öryggissvæðið er það svæði Keflavíkurflugvallar þar sem Landhelgisgæsla Íslands annast daglegan rekstur í umboði utanríkisráðuneytisins.


Breytingin felur í sér að nýju hliði inn á öryggissvæðið ásamt vegum og byggingum þeim tengdum eru skilgreind. Fyrir breytingu deiliskipulags var útivistarsvæði afmarkað á reitnum.

Byggingarreitur og byggingar

Nýr byggingarreitur er afmarkaður á breytingasvæði. Við töflu fyrir byggingarreiti bætist lína fyrir byggingarreit 21, þar sem fram koma helstu skilmálar. Upplýsingar sem breytast í töflu eru sýndar með bláu.

Byggingar-reitur	Stærð reits (m2)	Nr. bygginga	Hám. hæð bygginga (1h/m)	Núverandi byggingarmagn (m2)	Heildar byggingarmagn (m2)
1	67.450	-	1h / 5m	0	300
2	22.690	1624	2h / 8m	471	1.000
3	9.070	-	-	0	-
3b	9.600	-	2h / 9m	0	250
3c	3.870	-	-	0	-
4	11.600	831	2h / 8m	12.131	12.300
5	2.117	612, 630	2h / 9m	1.012	1.150
6	2.394	629, 611	2h / 9m	1.100	1.200
7	1.690	628	2h / 9m	927	1.050
8	1.862	627,610	2h / 9m	987	1.100
9	1.948	-	2h / 9m	0	1.300
10	2.031	-	2h / 9m	0	1.300
11	1.988	-	2h / 9m	0	1.300
12	2.263	-	2h / 9m	0	1.300
13	1.907	618	2h / 9m	1.065	1.200
14	2.774	179	2h / 9m	906	1.100
15	2.863	609, 617	2h / 9m	1.237	1.350
16	2.615	616, 608	2h / 9m	1.237	1.350
17	2.367	615	2h / 9m	1.065	1.200
18	31.686	-	2h / 16m	0	14.500
19	4.381	130, 131	1h / 5m	3.768	4.100
20	10.380	126, 127, 128	2h / 9m	3.994	4.500
21	1.080	-	2h / 9m	0	200
Samtals				29.900	53.050

Fyrir breytingu



Eftir breytingu



Á byggingarreit 21 munu rísa hús sem tengjast nýju hliði að öryggissvæðinu. Áhersla er á góða ásýnd bygginga, en þau eru sýnileg frá Ásbrú.

Heimilt er að rífa byggingar og endurbyggja innan byggingarheimilda, að því gefnu að tilskilin leyfi liggi fyrir. Gert er ráð fyrir að hluti mannvirkja, s.s. svalir, öryggisstigar, þakskegg, skyggni, gluggafrágangur o.s.frv., megi skaga út fyrir byggingarreit þar sem aðstæður leyfa.

Vegir og göngustígar

Afmörkuð er fyrirhuguð lega vega og göngustíga. Afmörkunin innan svæðisins er leiðbeinandi þar sem nákvæm staðsetning akreina og göngustíga getur breyst við fullnaðarhönnun þeirra. Heimilt er að hnika akreinum til og breyta utfærslu gatna með óverulegum hætti. Enda hafi það ekki áhrif á grend svæðisins.

Girðingar og hlið

Ekki er gerð breyting á legu girðingar en nýtt hlið, og þannig ný aðkoma, verður byggð við girðingu eins og breytingauppdráttur sýnir. Heimilt er að reisa girðinga við vegi og göngustíga til að aðskilja svæðið sem veittur er aðgangur að um aðkomuhliðið.

Veitur

Mannvirki verða tengd fráveitukerfi á svæðinu. Mannvirki verða tengd rafveitu, vatnsveitu og hitaveitu HS Veitna sem er á svæðinu.

Meðhöndlun og hreinsun ofanvatns verður samkvæmt kröfum reglugerðar og í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja. Leitast skal við að nýta blágrænar ofanvatnslausnir þar sem kostur er.

Frágangur og ásýnd

Við framkvæmdir og byggingu mannvirkja skal leggja áherslu á að góður frágangur sé á svæðinu. Þá skal hugað að góðri ásýnd mannvirkja og svæða. Staðsetja skal mannvirki eins og hægt er vel í landi.

Áhrif bygginga á vindálag

Við afgreiðslu byggingarleyfa skal liggja fyrir mat á líklegum vindáhrifum bygginga, þar sem lagt er upp með að flug verði ekki fyrir vindáhrifum frá mannvirkjum svæðisins.

Við mat á vindálagi er æskilegt að skoða hver líkleg áhrif uppbyggingar eru á mælingar þeirra vindmæla sem nú eru á flugvöllinum. Þá helst á vindmæli við N-S enda brautar sem er næst uppbyggingsvæðum.


Umhverfisáhrif

Hljóðvist: Breytingin hefur ekki áhrif á hljóðvist á svæðinu. Breytingasvæðið er á mörkum þess að vera með hljóðstig 50-55 og 55-60 L_{den} dB(A) í 4 m hæð. Vegna starfsemi á svæðinu er hljóðstig talið ásættanlegt.

Fráveita og vatnsvernd: Breytingin hefur ekki áhrif á vatnsvernd og álag á veitukerfi eykst að óverulegu leyti.

Minjar: Engar þekktar minjar eru á breytingasvæðinu.

Landslag og ásýnd: Lögð er áhersla á góða ásýnd og áhrif því óveruleg. Áður var útivistarsvæði afmarkað á breytingasvæðinu og vikur sú afmörkun fyrir nýrri afmörkun. Breytingin hefur þannig neikvæð áhrif á möguleika til útivistar. Hins vegar er svæðið í dag ekki notað sem slíkt.



Rauður kassi sýnir afmörkun skipulagsuppdráttar 2 á Aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar 2013-2030 - Ekki í kvarða.

Austursvæði

Skýringar

- Beytingasvæði
Area where landuse is changed
- Öryggissvæðið á Keflavíkurflugvelli - Skipulagssvæði
Security area - Planned area
- Flugvallarsvæði
Airport area
- Öryggisgirðing (leiðbeinandi)
Security fence (nonobligatory)
- Flugvallargirðing (leiðbeinandi)
Airport fence (nonobligatory)
- Hlið
Gate
- Byggingar
Buildings
- Byggingarreitir
Building plot
- Afmörkun svæða
Land plot
- Flug- og akstursbrautir
Runways and taxiways
- Nýr vegir og flughlið
New roads and aprons
- Vegir og plön
Roads and aprons
- Göngustígar (leiðbeinandi)
Pavement (nonobligatory)
- Þyrlupallur
Helipad
- Eldsneytislögn
Fuel lines
- Útivistarsvæði
Recreation Area
- Setjóm (leiðbeinandi)
Retention basin (nonobligatory)

Samþykktir

Breyting á deiliskipulagi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í utanríkisráðuneytinu þann _____ 20__.

Breytingatillagan var auglýst _____ 20__, með athugasemdafrest til _____ 20__.

Samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 20__.

Skipulagsgögn: Breytingauppdráttur og greinargerð eru á uppdætti þessum. Engin gögn fylgja skipulagsbreytingu. Kortagrunnar: Aðalskipulag Keflavíkurflugvallar 2013-2030; Ísavia. Hnitakerfi: ISN93. Kvarði: 1:2.000 [A0].

Útg. Dags. Tilfni. Skipulag

VSÓ RÁÐGJÖF
BORSGARTÚNI 20, 105 REYKJAVÍK, Sími 665-8000, NETT: voo@vso.is

Teikning: 22594_BR_DSK_T_U2_01 Dagsetning: 14.04.2023

Skipulag: AK Yfirfarið: HTT

